

Að eiga og nota jeppa



Helstu atriði sem hafa ber í huga við notkun jeppa og ferðalög á jeppum í náttúru Íslands

Byggt á Jeppabók Arctic Trucks

Að eiga jeppa



Að eiga jeppa, breyttan eða óbreyttan, opnar nýjar víddir til ferðalaga í náttúru Íslands. Þeir sem eru að hefja feril sinn á þessu sviði ættu að hafa það hugfast að hollt er að kynna öðrum sem reyndari eru og læra af þeirra reynslu.

Jeppabók Arctic Trucks var gefin út með það að markmiði að gera leikmönnum ljósari grein fyrir eiginleikum jeppa, hvernig einstakir hlutar bílsins virka og hvert hlutverk þeirra er.

Kynning þessi er byggð á efni úr Jeppabók Arctic Trucks.



Ferðast um íslenska náttúru



Yfir sumartímann er mikilvægt að halda sig á slóðum sem frumkvöðlar í jeppamennsku og bændur hafa lagt í áranna rás. Slóðakerfi Íslands er viðamikið og fjölbreytt og hægt er að fylgja þeim nánast hvert sem er og kynnast þannig síbreytilegum aðstæðum við akstur. Í þeim tilfellum sem slóði endar en framundan bíður áhugaverður staður þarf yfirleitt ekki nema stuttan en hressandi göngutúr til að ná markmiði sínu. Þess vegna er jafnframt mikilvægt að halda slóðum við og aka þá reglulega.



Ferðast um íslenska náttúru




Yfir vetrartímann þegar snjóþekja liggur yfir landinu, ríkir meira frjálssræði í akstri.

Þá er lítil hættu á gróðurskemmdum. Þó þarf að gæta sín á þunnum snjó og snjóaleysi, einkum síðla vetrar og snemma vors. Þá er ráðlegt að fylgja slóðum.

Hægt er að fylgjast með lokuðum vegum á heimasíðu Vegagerðar ríkisins (<http://www.vegagerdin.is>).


Þær lokanir ber að virða!



Hvað gerir jeppa að jeppa?



- Hefðbundið fjórhjóladrif
- Sídrif
- Hátt drif
- Lágt
- Skriðgír (lóló)
- Nota lága drifið meira en minna




FÖ – Framöxull
AÖ – Afturöxull
FD – Framdrif
AD – Afturdrif
V – Vél
G – Gírkassi
M – Millikassi

Driflæsingar



- Mismunadrif í fram og aftur drifum
- Driflæsing læsir mismunadrifinu
- Setja driflæsingar á áður en bíllinn er fastur




- Hvað má hleypa mikið úr?
- Stærri flötur gefur meira grip og flot
- Mýkra dekk aðlagast ójöfnum og grípur þá betur
- Mýkri akstur
- Dekkin hitna
- Dælið lofti fljótt aftur í dekkinn
- Varist grjót


Loftþrýstingur í dekkjum (pund á fertommu)

Ca 2000 kg eigin þyngd	31"	33"	35"	38"	44"
Malbik	30	25	25	25	20
Malarvegur	20	18	18	13	9
Harðfenni	8	7	7	6	5
Mjúkur snjór*	6	5	4	3	3

* Með þennan loftþrýsting í dekkjum er ekki ráðlegt að aka hraðar en ca 40 km/klst og gæta þess að snjórinn sé nægjanlega laus til að þyrlast upp á dekkinn og kæla þau.




- Velja réttan loftþrýsting – misjafn eftir aðstæðum
- Þolinmæði er dyggð!
- Spóla sem minnst – kúpla frá nógu snemma
- Æfingin skapar meistarann



Ekið yfir ár



- Vaða ána áður en ekið er yfir – vöðlur og stafur
- Grynri þar sem áin er breiðari
- Nota lága drifið í lágum gír (1. eða 2. gír)
- Aka undan straumi ef það er hægt
- Varast sandbleytu og stórgrýti
- Jökulár hættulegastar – minnstar að morgni
- Viðhald eftir vatnasull



Jeppinn fer á kaf í vatn

- Drepa á strax
 - Ef diesel vél tekur inn á sig vatn, þá er hún ónýtt
- Koma fólkinu út
- Ef um ís er að ræða þarf að brjóta hann frá bílnum
 - Dekk geta krækst undir ísinn og þá er ómögulegt að ná bílnum upp
- Þurka rafmagnsbúnað áður en hann er notaður á ný
- Draga á verkstæði ef mögulegt er
 - Flókið verk að gangsetja vél sem hefur farið á kaf

Ekið í slæmu skyggni






- Reynir á staðsetningartækin
 - Muna að horfa samt líka út um glugga
- Fylgjast vel með næsta bíl fyrir aftan
 - Passa að skilja engan eftir
- Notaðu talstöðina

Dráttur



- Notið teygjuspotta
- Pelastikk
- Dráttarbeisli / spil
- Dráttarbíllinn skal aka áfram



- Öflugar loftdælur og kolsýrukútar koma að góðum notum
- Á stórum dekkjum er best að reyna að festa annan kantinn áður en loftið er blásið í
- Ekki mælt með að sprengja dekk uppá felgu
 - Hættulegt mönnum
 - Getur skemmt dekk
- Best að læra með sýnikennslu

- GSM - gemsinn virkar orðið víða
- VHF – milli bíla, endurvarpanet 4x4
- NMT – virkar enn
- Irridium – gervihnatta símar sem eru alltaf í sambandi
- Tetra – blanda af síma og talstöð
- Langdrægar talstöðvar (HF) – Radió amatörar

- GPS ráðandi í staðsetningartækni
- Mjög vönduð íslandskort
- GPS + tölva; Mapsource, Nroute, Ozi Explorer ofl

Jeppaskóli Arctic Trucks



Arctic Trucks hefur um margra ára skeið boðið upp á margs konar námskeið fyrir jeppaeigendur og áhugafólk um jeppaferðir. Jeppaskóli Arctic Trucks hefur meðal annars boðið upp á ítarleg jeppanámskeið, námskeið í notkun GPS tækja og aðra fræðslu sem kemur að góðum notum þegar ferðast er um hálendi Íslands.

Upplýsingar um námskeið sem í boði hverju sinni er að finna [hér](#). Þú getur einnig skráð þig á [póstlista](#) Arctic Trucks og fengið sendar upplýsingar þegar ný námskeið eru auglýst.



Góða ferð!